

Jóhannsdóttir, Haraldur Sverrisson, Hlín Bolladóttir, Jóhann Rúnar Pálsson og Valgeir Jens Guðmundsson.

Staðan var auglýst 20. janúar. Í auglýsingu var bent á að Þingeyjarskóli hefði til skamms tíma verið rekinn á tveimur stöðum, á Laugum og Hafralæk, en yrði á næsta skólaári sameinaður á Hafralæk. Í auglýsingunni var bent á að nýr skólastjóri myndi leiða uppbyggingu skólastarfs í sameinuðum skóla með leik-, grunn- og tónlistardeild.

Tekið var fram að í starfinu fælist ábyrgð á rekstri skólans og daglegu starfi og forysta um mótun faglegrar stefnu og framkvæmd hennar. Gerðar voru eftirfarandi menntunar og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu á leik- eða grunnskólastigi
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða skólaþróunar æskileg
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og starfi með börnum
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogahæfileikar og áhugi á framsæknu skólastarfi
- Góðir skipulagshæfileikar og samstarfshæfni
- Hreint sakavottorð

Í auglýsingunni kom fram að sveitarfélagið leitaði að einstaklingi sem hefði áhuga á að leiða lýðræðislegt, skapandi og sveigjanlegt skólastarf þar sem nám, vellíðan og þroski nemenda væri í fyrirrúmi. Lögð yrði áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og námsumhverfi, vellíðan nemenda og starfsfólks, umbótastarf, starfsþróun og virk samskipti við foreldra og nærsamfélag, í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins.

Leitað var til dr. Ingvars Sigurgeirssonar, sérfræðings hjá *Skólastofunni slf – rannsóknnum og ráðgjöf* að taka að sér ráðgjöf við mat á umsóknum og einnig tók Margrét Bjarnadóttir, varaoddviti og formaður fræðslunefndar, ásamt sveitarstjóra þátt í greiningu á umsóknum og viðtölum við umsækjendur og meðmælendur.

Við mat á umsóknum var stuðst við gátlista þar sem m.a. var litið til menntunar umsækjenda, framhaldsmenntunar á sviði stjórnunar, annars framhaldsnáms, annars náms á háskólastigi, námsárangurs, námskeiða og endurmenntunar, starfsreynslu innan og utan skólakerfisins, kennslu- og stjórnunarreynslu, reynslu af skólaþróun og reynslu af eigin námskeiðahaldi. Aflað var upplýsinga um ritfærni og íslensku-kunnáttu, þekkingu og færni í tölvu- og upplýsingatækni og kunnáttu í erlendum málum. Einnig var litið til áhuga-sviða umsækjenda, reynslu þeirra af félagsstörfum og störfum í þágu samfélagsins. Þá var leitast við að leggja mat á eftirfarandi hæfi-leika: Hæfni í að starfa með öðrum, skipulagshæfileika, framkomu og framgöngu, sjálfstæði í vinnubrögðum, vinnusemi, verkstjórn, frumkvæði, virkni, ábyrgð og leiðtogahæfileika.

Mat okkar, sem að umsóknarvinnunni hafa komið, er að flestar umsóknir um stöðuna hafi verið mjög góðar. Haft var samband við þá umsagnaraðila sem

umsækjendur bentu á.

Eftir viðtöl og gagnaöflun er það niðurstaða okkar að leggja til að Jóhanni Rúnari Pálssyni verði boðin staðan. Þessi niðurstaða byggir á mati okkar á reynslu hans, menntun og hæfni.

Hann uppfyllir afar vel skilyrði auglýsingar um hæfni. Einnig er rétt að fram komi að hann hlaut óvenju eindregin meðmæli umsagnaraðila. Sem dæmi má nefna góða samskiptahæfni, samvirkusemi, þrautseigju, vinnusemi, vandvirkni, lausnamiðun, hæfni í að laða fólk til samstarfs og miðla málum, auk reynslu og hæfni í að starfa með börnum og unglingum.

Auk þess er það mat okkar að sú skólasýn sem hann lýsti í starfsviðtali hafi samræmst mjög vel skólastefnu sveitarfélagsins. Reiknað er með að Jóhann geti hafið störf þann 15. mars, að hluta til og að fullu þann 1. apríl n.k. *Sveitarstjórn samþykkir með fimm atkvæðum að Jóhanni Rúnari Pálssyni verði boðin staðan og felur sveitarstjóra að ganga til samninga við hann.*

Fulltrúar T lista sátu hjá og lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Við fulltrúar T-lista í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar sitjum hjá í atkvæðagreiðslu um ráðningu skólastjóra Þingeyjarskóla. Við getum ekki tekið afstöðu til umsækjenda þar sem við höfum ekki fengið tækifæri á að sjá og meta umsóknir þeirra er sóttu um stöðuna“.

Lagt fram til kynningar:

- a. Fundargerð 263. fundar stjórnar Eyþings
- b. Fundargerð sameiginlegs fundar stjórnar Eyþings og SSA með þingmönnum Norðausturkjördæmis
- c. Fundargerð 825. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- d. Fundargerðir 169. og 170. funda HNE
- e. Gafll, félag um þingeyskan byggingararf
- f. Fundur um samstarf í úrgangsmál á Norðurlandi – minnispunktar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:30



Þingeyjarsveit

Frá sundlauginni á Laugum

Við leitum að starfsfólki fyrir sumarið 2015. Starfið felur m.a. í sér móttöku gesta, afgreiðslu, öryggisgæslu og þrif. Hæfniskröfur: - Frumkvæði - Lipurð í samskiptum - Rík þjónustulund Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri, vera tilbúnir að tileinka sér þætti skyndihjálpar og standast hæfnispróf sundstaða. Umsóknarfrestur er til 1. apríl.

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður í síma 8624677
Umsókn skal skilað á netfangið ludvik2106@gmail.com

Aðalfundur Félags sauðfjárbænda í Suður-Þingeyjarsýslu

Aðalfundur Félags sauðfjárbænda í S-Þingeyjarsýslu verður haldinn að Ýdölum þriðjudagskvöldið 10. mars kl. 20.30. Venjuleg aðalfundarstörf. Lagabreytingar. Gestur fundarins verður Þórarinn Pétursson formaður Landssambands sauðfjárbænda. Hvetjum alla til að mæta. Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

Heimboð í Norðlenska

Félag sauðfjárbænda í Suður-Þingeyjarsýslu boðar til heimsóknar í afurðarstöð Norðlenska á Húsavík fimmtudaginn 12. mars kl. 11.00. Norðlenska tekur vel á móti bændum að vanda og kynnir starfssemi afurðarstöðvarinnar. Léttar veitingar.

Tilkynna þarf þátttöku til Jónasar í síma 862-3211 eða Sæþórs í síma 898-8327

2. Nýtt rekstrarleyfi – Gistiheimilið Breiðumýri

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 13. febrúar s.l. þar sem Friðgeir Sigtryggsson sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistinga á Breiðumýri í Þingeyjarsveit.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

3. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Flugleiðahótel ehf.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 17. febrúar s.l. þar sem Tryggvi Guðmundsson sækir um, fyrir hönd Flugleiðahótel ehf. um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistingar og veitingu veitinga á Hótel Eddu Stórutjörnum í Þingeyjarsveit.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfisins fyrir sitt leyti.

4. Ósk um framlag til hvatningar og styrks – nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda

Fyrir fundinum liggur erindi frá Önnu Þóru Ísfold framkvæmdastjóra, dags. 11. febrúar s.l. þar sem óskað er eftir framlagi í formi hvatningar og styrks við nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda (NKG). NKG er verkefni sem hvetur til nýsköpunarkennslu í grunnskólum landsins. Tilgangur NKG er að gera einstaklingum grein fyrir sköpunargáfu sinni og þroska hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir.

Sveitarstjórn hvetur skólastjórnendur, kennara og nemendur í Þingeyjarsveit til þess að kynna sér verkefnið. Samþykkt að veita ekki fjárstyrk í verkefnið að sinni.

5. Viðbótarstyrkur – kvikmyndin Hrútar

Fyrir fundinum liggur erindi frá Grímari Jónssyni kvikmyndaframleiðanda, dags. 16. febrúar s.l. þar sem hann óskar eftir viðbótarstyrk vegna kvikmyndarinnar, Hrútar.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um 250 þúsund til viðbótar við þá milljón sem sveitarfélagið hefur nú þegar styrkt verkefnið um. Ragnar Bjarnason sat hjá.

6. Ráðning skólastjóra við Þingeyjarskóla

Tekin fyrir ráðning skólastjóra við Þingeyjarskóla. Kosið var um hæfi Árna Péturs Hilmarssonar undir þessum lið, samþykkt með sex atkvæðum vanhæfi hans, Árni Pétur greiddi ekki atkvæði og vék af fundi og varamaður, Nanna Þórhallsdóttir tók sæti. Oddviti gerði grein fyrir að samkomulag hafi náðst um starfslok við núverandi skólastjóra en hann mun gegna starfi fram til 31. júlí n.k. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í umboði sveitarstjórnar. Starfslokasamkomulag þetta er eingöngu til komið sem liður í þeim skipulagsbreytingum sem fyrirhugaðar eru á starfsemi Þingeyjarskóla á næsta skólaári. Sveitarstjórn þakkar fráfaramandi skólastjóra fyrir gríðarmikið og óeigingjarnt starf í þágu skólans frá stofnun hans. Sveitarstjóri gerði því næst grein fyrir niðurstöðu um ráðningu skólastjóra.

Umsækjendur voru sex, þau Aðalsteinn Már Þorsteinsson, Guðrún H.



Fundargerð Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 26.02.2015

**165. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 26. febrúar kl. 13:00
Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Eiður Jónsson í forföllum Heiðu Guðmundsdóttur, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Ragnar Bjarnason gerði athugasemd við að fundargögn vegna 6. liðar hefðu borist nokkrum klukkustundum of seint.

Dagskrá:

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19.02.2015
2. Nýtt rekstrarleyfi – Gistiheimilið Breiðumýri
3. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Flugleiðahótel ehf.
4. Ósk um framlag til hvatningar og styrks – nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda
5. Viðbótarstyrkur – kvikmyndin Hrútar
6. Ráðning skólastjóra við Þingeyjarskóla

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19.02.2015

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19. febrúar s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sex liðum.

2. liður fundargerðar; Umhverfi Goðafoss, deiliskipulag og breytingar á aðalskipulagi.
Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagstillagan, svo breytt verði auglýst og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna auglýsingarinnar eins og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæli fyrir um.
5. liður fundargerðar; Sexhólagil, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku.
Sveitarstjórn samþykkir erindið þar sem umrædd náma E-29 er skilgreind í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Jafnframt er skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

ÞJÁLFI



MÝVATN OPEN 2015

verður haldið á tjörninni við Skútustaði laugardaginn 14 mars. Keppt verður í tölti, A og B-flokki. Tveir styrkleikaflokkar verða í öllum greinum, 1 og 2 flokkur. Úrslit verða riðin eftir hvern flokk fyrir sig. Dagskráin er eftirfarandi:

10:00 B-flokkur og úrslit (2 og 1 flokkur)
Hádegishlé
A-flokkur og úrslit (2 og 1 flokkur)
Tölt og úrslit (2 og 1 flokkur)
Verðlaunaafhending og kaffihlaðborð í Selinu.

Nánari upplýsingar á heimasíðu þjálfara 123.is/thjalfi



Árshátíð Stórutjarnaskóla

Árshátíð Stórutjarnaskóla verður haldin
föstudagskvöldið 13. mars nk. og hefst kl 20:30

Nánar auglýst í næstu viku

Nemendur og starfsfólk



Félagsvist – Ýdalir.



Nú ætlum við að spila félagsvist fimmtudagskvöldið 12. mars, þriðjudagskvöldið 17. mars og þriðjudagskvöldið 24. mars að Ýdölum klukkan 20:00.

Athugið að fyrstu spilin eru á fimmtudagskvöldi og hin tvö á þriðjudagskvöldum.

Mætum hress og höfum gaman af.

Allir velkomnir.

Diddólína.

Messa og Kirkjukaffi Grenjaðarstað



Almenn guðsþjónusta verður á Grenjaðarstað næstkomandi sunnudag 8. mars klukkan 14:00. Á eftir verður boðið í Kirkjukaffi.

Allir velkomnir.

Sér Þorgrímur.

9.tbl.
5. mars
2015
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



DALAKOFINN

Dalasvar 6.mars.

Fyrsta Dalasvar ársins verður föstudaginn 6.mars og hefst kl. 21.00 Gestaspyrill er Hrólfur Þórhallsson

- Kótelettukvöld -

Laugardaginn 14. mars kl. 20 verður haldið kótelettukvöld í Dalakofanum á Laugum. Kóteletturarnar eru sérvaldar og þykkar að hætti Kótelettufélags Íslands. Meðlæti eru brúnaðar kartöflur, rauðkál, grænar baunir og sulta. Í eftirrétt verður ís og kokteilávestir.

Miðaverð er 4800 kr. síðasti skráningardagur er mánudaginn 9. mars. Hægt er að skrá sig í síma 464-3344 eða á netfangið dalakofinn@dalakofinn.is

Á eftir borðhaldi munu Hafliði, Frímenn og Hjálmar Bogi halda uppi fjörinu fram á nótt. Þá mun Gvendur í Koti segja okkur skemmtisögur.

Verið ávallt velkomin
Dalakofinn / Útibú ehf. dalakofinn.is
s. 464-3344



Íbúar Þingeyjarsveitar

Oddviti sveitarstjórnar, Arnór Benónýsson verður með viðtalstíma í Kjarna n.k. mánudag 9. mars milli kl. 10:30 og 11:30.

Á þessum tíma svarar oddviti einnig síma og tölvupósti eftir því sem kostur er.

Sími oddvita er 661 6292 og netfang arnor@thingeyjarsveit.is

Sveitarstjóri